

Ályktun aðalfundar lækna ráðs Landspítala haldinn 24. maí 2019 um biðlista liðskiptaaðgerða

Lækna ráð bendir á að þrátt fyrir átak til þess að stytta biðlista eftir bæklunaraðgerðum er biðtími margra sjúklinga eftir aðgerð enn of langur.

Yfirlæknir bæklunarlækninga á Landspítala telur að Landspítali hafi svigrúm til þess að fjölga liðskiptaaðgerðum. Til þess þarf að tryggja að aðstaða og mönnun séu fullnægjandi. Ekki síst er mikilvægt að tryggja faglegt skipulag, næga skurðstofuaðstöðu og legurými. Nauðsynlegt er að tryggja næg stöðugildi bæklunarlækna, svæfingarlækna og hjúkrunarfræðinga. Einnig má nefna mikilvægi samstarfs við öldrunarlækningadeildir þar sem stór hluti þessa sjúklingahóps er kominn á efri ár.

Landspítalinn er spítali allra landsmanna og honum ber að sinna hlutverki sínu sem miðstöð bæklunarlækninga. Til þess að geta rækt sitt hlutverk sem skyldi þurfa spítalinn og samstarfssjúkrahús að geta sýnt fram á að biðtími sjúklinga eftir aðgerð sé ásættanlegur. Fullfjármagnaður Landspítali er fullfær um að sinna þessu hlutverki.

Ekki getur talist forsvaranlegt á 21. öldinni að sjúklingar séu látnir bíða mánuðum eða árum saman eftir liðskiptaaðgerð sem heftir þá í lífi og starfi.